



# Uppgjör Landsbankans fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins 2024

Fréttatilkynning 2. maí 2024



---

## Fréttatilkynning 2. maí 2024

# Uppgjör Landsbankans fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins 2024

- Hagnaður Landsbankans á fyrstu þremur mánuðum ársins 2024 nam 7,2 milljörðum króna eftir skatta.
- Arðsemi eiginfjár á tímabilinu var 9,3% samanborið við 11,1% á sama tímabili árið áður.
- Vaxtamunur sem hlutfall af meðalstöðu heildareigna nam 2,9%. Vaxtamunur heimila var 2% og helst stöðugur.
- Hreinar vaxtatekjur voru 14,4 milljarðar króna og hreinar þjónustutekjur voru 2,7 milljarðar króna.
- Virðisbreytingar útlána voru neikvæðar um 2,7 milljarða króna, en þar af er um 2,0 milljarða króna safnframlag vegna óvissu um fjárhagslegar afleiðingar náttúruhamfara á Reykjanesskaga.
- Kostnaðarhlutfall er 33,6% samanborið við 33,3% á fyrsta fjórðungi ársins 2023.
- Eiginfjárhlutfall í lok tímabilsins var 24,9% en fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands gerir 20,7% heildarkröfu um eiginfjárgrunn.
- Í mars lauk Landsbankinn við sölu á grænum skuldabréfum að fjárhæð 300 milljónir evra og var heildareftirspurn rúmlega sexföld.
- Bankinn lauk í mars við útboð tveggja flokka víkjandi skuldabréfa sem teljast til eiginfjárpáttar 2, annars vegar óverðtryggðan flokk að fjárhæð 3 milljarðar króna og hins vegar verðtryggðan flokk að fjárhæð 12 milljarðar króna.
- Á aðalfundi bankans þann 19. apríl 2024 var samþykkt að bankinn greiði arð til hluthafa að fjárhæð 16,5 milljarðar króna, eða sem nemur 0,70 krónum á hlut, vegna rekstrarársins 2023. Arðgreiðslan samsvarar um 50% af hagnaði samstæðu bankans á árinu 2023. Arðgreiðslur Landsbankans á árunum 2013-2024 munu því samtals nema 191,7 milljörðum króna.
- Í janúar var greint frá því að fimmta árið í röð var ánægja viðskiptavina á bankamarkaði mest með þjónustu Landsbankans, samkvæmt Íslensku ánægjuvoginni 2023.
- Í byrjun apríl tilkynnti S&P um hækkun lánshæfismats bankans í BBB +/A-2 með stöðugum horfum.



---

## Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri Landsbankans, segir:

„Það er merkur áfangi að efnahagsreikningur Landsbankans er nú orðinn yfir 2.000 milljarðar króna að stærð sem er tvöföldun frá stofnefnahagsreikningi bankans árið 2008. Efnahagsreikningurinn hefur stækkað jafnt og þétt og á fyrsta fjórðungi þessa árs nam aukningin tæplega 72 milljörðum króna. Stækkandi efnahagsreikningur gerir okkur kleift að styðja enn betur við atvinnulíf og íslenskt samfélag. Öflug útlánastarfsemi er grundvallarþáttur í rekstri bankans. Á þessu ári hefur verið lítil aukning í íbúðalánunum en meira um endurfjármögnun. Fyrirtækjalán jukust jafnt og þétt og alls nam aukning þeirra á fjórðungnum um 30 milljörðum króna.

Fjármögnun bankans gekk sérlega vel á fjórðungnum. Við gáfum bæði út víkjandi skuldabréf í íslenskum krónum að fjárhæð 15 milljarðar króna og 300 milljóna evru skuldabréf, í báðum tilfellum á góðum kjörum. Nú í apríl fengum við þau ánægjulegu tíðindi að alþjóðlega lánshæfismatsfyrirtækið S&P Global Ratings hefði hækkað lánshæfismat bankans.

Arðsemi bankans gefur eilítið eftir en er nálægt langtímamarkmiði. Helsta ástæðan fyrir lægri arðsemi er sú að bankinn eykur varúðarframlag á fjórðungnum vegna náttúruvárisinnar í Grindavík. Það er mikilvægt að bankinn hafi efnahagslegan styrk til að takast á við afleiðingar náttúruhamfaranna og geti áfram stutt við viðskiptavinum sína í Grindavík, líkt og hingað til. Við búumst við að heildararðsemin á þessu ári rétti sig af og verði yfir markmiði bankans. Þá er rétt að benda á að nýjar kröfur Seðlabanka Íslands um bindiskyldu verða til þess að Landsbankinn mun eiga um 35 milljarða króna á vaxtalausum reikningi hjá Seðlabankanum, sem er aukning um 50% frá fyrri kröfu. Kostnaðaraukinn er einn milljarður á ári fyrir bankann.

Uppgjör bankans er gott og til marks um öflugan og góðan rekstur. Áfram er mikill kraftur í þróun nýrra lausna fyrir viðskiptavinum. Meðal nýjunga sem við kynntum á fyrsta fjórðungi er að nú geta viðskiptavinir sjálfir endurfjármagnað íbúðalánin sín í Landsbankaappinu. Þessi möguleiki hefur aldrei áður verið í boði á Íslandi og lausnin stendur mjög framarlega á heimsvísu. Þessi lausn mun sannarlega einfalda líf viðskiptavina. Við tókum líka spjallmennið Ellí í notkun og það tók strax á sprett og afgreiðir nú um helming allra erinda í netspjallinu á landsbankinn.is við góðan orðstír. Það er sömuleiðis ánægjulegt að viðskiptavinir nýta spjallið reglulega til að láta í ljós álit sitt á þjónustu bankans og samskiptum við starfsfólk. Með því að þróa sífellt nýjar lausnir bætum við enn frekar þjónustu við viðskiptavinum Landsbankans, sem eru einmitt þeir ánægðustu á bankamarkaði.“

## Helstu atriði úr rekstri og efnahag á fyrsta ársfjórðungi (1F) 2024

### Rekstur:

- Hagnaður á 1F 2024 nam 7,2 milljörðum króna eftir skatta, samanborið við 7,8 milljarða króna hagnað á sama tímabili árið 2023.
- Arðsemi eiginfjár var 9,3% á 1F 2024, samanborið við 11,1% á sama tímabili 2023.
- Hreinar vaxtatekjur voru 14,4 milljarðar króna en þær námu 13,1 milljarði króna á sama tímabili 2023.
- Hreinar þjónustutekjur námu 2,7 milljörðum króna en voru 3,0 milljarðar króna á 1F 2023.
- Virðisbreyting útlána og krafna var neikvæð um 2,7 milljarða króna á 1F 2024, en þar af er 2,0 milljarða króna safnframlag vegna óvissu um fjárhagslegar afleiðingar náttúruhamfaranna á Reykjanesskaga.
- Landsbankinn og Kvika banki komust að samkomulagi um að hefja einkaviðræður um kaup Landsbankans á TM tryggingum hf. í kjölfar skuldbindandi kauptilboðs sem Landsbankinn lagði fram þann 15. mars sl. Möguleg kaup eru m.a. háð niðurstöðu áreiðanleikakönnunar og samþykki Samkeppniseftirlitsins og fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Tilboð bankans hljóðar upp á 28,6 milljarða króna, en endanleg greiðsla fyrir TM er háð kaupverðsaðlögun á þeim degi sem bankinn tekur við rekstri félagsins.

## Efnahagur:

- Útlán jukust um 2% á milli tímabila, eða um 36,4 milljarða króna. Útlán til einstaklinga jukust um 6 milljarða króna. Útlán til fyrirtækja jukust um 30 milljarða króna, en þar af eru gengisáhrif 1,2 milljarðar króna til hækkunar.
- Innlán jukust um 5% frá áramótum og eru nú alls 1.103 milljarðar króna. Um 40 þúsund viðskiptavinir hafa stofnað sparireikninga í appinu.
- Landsbankinn samþykkti á fjórðungnum, ásamt öðrum bönkum og lífeyrissjóðum, að taka þátt í fjármögnun á Fasteignafélaginu Þórkötlum ehf. sem ríkissjóður stofnaði í þeim tilgangi að kaupa íbúðarhúsnæði í Grindavík þar sem einstaklingum gefst kostur á að selja félaginu fasteignir sínar með forkaupsrétti.
- Bankinn fylgist náið með og stýrir lausafjánhættu sinni í heild, í erlendum myntum og í íslenskum krónum. Lausafjárhlutfall bankans (e. liquidity coverage ratio) var 272% í lok 1F 2024, samanborið við 235% í lok 1F 2023.

## Lykiltölur samstæðunnar

REKSTUR	1F 2024	1F 2023	Breyting	Breyting%	2023	2022		
Fjárhæðir í milljónum króna								
Hagnaður tímabilsins	7.156	7.756	(600)	(7,7%)	33.167	16.997		
Hreinar vaxtatekjur	14.383	13.066	1.317	10,1%	57.559	46.464		
Hreinar þjónustutekjur	2.736	3.048	(312)	(10,2%)	11.153	10.623		
Aðrar rekstrartekjur	442	1.206	(764)	(63,3%)	5.136	(3.834)		
Rekstrartekjur	17.561	17.320	241	1,4%	73.848	53.253		
Laun og launatengd gjöld	(4.233)	(4.119)	(114)	2,8%	(15.866)	(14.474)		
Annar rekstrarkostnaður	(2.586)	(2.355)	(231)	9,8%	(10.092)	(9.289)		
Rekstrargjöld	(7.419)	(7.044)	(375)	5,3%	(28.248)	(25.860)		

EfnaHAGUR	31.3.2024	31.3.2023	Breyting	Breyting%	31.12.2023	31.12.2022	Breyting	Breyting%
Heildareignir	2.032.436	1.916.993	115.443	6,0%	2.032.436	1.960.776	71.660	3,7%
Útlán til viðskiptavina	1.667.343	1.576.589	90.754	5,8%	1.667.343	1.630.894	36.449	2,2%
Innlán frá viðskiptavinum	1.103.350	1.001.580	101.770	10,2%	1.103.350	1.048.537	54.813	5,2%
Eigið fé	310.828	278.343	32.485	11,7%	310.828	303.754	7.074	2,3%

KENNTÖLUR	1F 2024	1F 2023			31.12.2023	31.12.2022		
Arðsemi eigin fjár eftir skatta	9,3%	11,1%			11,6%	6,3%		
Vaxtamunur í hlutfalli af meðalstöðu eigna	2,9%	2,8%			3,0%	2,7%		
Rekstrarkostnaður í hlutfalli af meðalstöðu eigna	1,4%	1,4%			1,4%	1,4%		
Kostnaður sem hlutfall af tekjum (K/T)*	33,6%	33,3%			33,7%	46,8%		

	31.3.2024	31.3.2023			31.12.2023	31.12.2022		
Eiginfjárhlutfall alls	24,9%	25,3%			23,6%	24,7%		
Fjármögnunarþekja erlendra mynta	157%	145%			145%	132%		
Heildarlausafjárþekja	272%	235%			181%	134%		
Lausafjárþekja erlendra mynta EUR (LCR FX til og með 2022)	947%	724%			1.499%	351%		
Vanskilahlutfall (>90 daga)	0,7%	0,3%			0,3%	0,2%		
Meðalstöðugildi	824	826			849	843		
Stöðugildi í lok tímabils	826	825			817	813		

\*K/T = Rekstrargjöld alls/(Hreinar rekstrartekjur - virðisbreytingar útlána).

---

## Fjárhagsdagatal Landsbankans

- Uppgjör 2F 2024 18. júlí 2024
- Uppgjör 3F 2024 23. október 2024
- Ársuppgjör 2024 30. janúar 2025

Upplýsingar um áhrif nýrra krafna Seðlabanka Íslands um bindiskyldu hafa verið leiðréttar.